



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 1. desember 2017

Niðurstaða athugunar á fylgni fjárfestingarsjóðs í rekstri Júpíter rekstrarfélags hf. við tiltekna fjárfestingarheimildir laga

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á starfsemi Júpíter rekstrarfélags hf. með bréfi dagsettu hinn 13. febrúar 2017. Athugunin beindist að fylgni tiltekins fjárfestingarsjóðs í rekstri Júpíter rekstrarfélags hf. við fjárfestingarheimildir 1. mgr. 59. gr., sbr. 2. og 4. tölul. 40. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Í nefndum lagaákvæðum eru settar þær takmarkanir á eignasafn sjóðs að honum er hvorki heimilt að eignast meira en 10% af skuldaskjölum einstakra útgefenda verðbréfa, þó aldrei umfram 25% í hverri útgáfu, né meira en 10% af peningamarkaðsgerningum einstakra útgefenda. Athugunin miðaðist við eignasafn sjóðsins um síðastliðin áramót.

Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir í september 2017 og er byggð á gögnum og upplýsingum miðað við stöðuna um síðastliðin áramót.

Athugun Fjármálaeftirlitsins leiddi í ljós að sjóðurinn átti umfram 10% af skuldaskjölum sama útgefanda og umfram 10% af peningamarkaðsgerningum tveggja útgefenda en slíkt er honum óheimilt samkvæmt 1. mgr. 59. gr., sbr. 2. og 4. tölul. 40. gr. laga nr. 128/2011

Félagið gerði þegar ráðstafanir til úrbóta og er sjóðurinn því innan heimilda samkvæmt lögum nr. 128/2011.